

Fundargerð stjórn foreldrafélags Brekkuskóla 03. september 2018

Mættir: Jóhann, Oddný, Laufey, Ingunn og Sigþóra.

Rætt um fyrirhugaðan Aðalfund foreldrafélagsins sem verður í haust. Ákveðið að stefna á að hafa hann 9. Eða 10. október. Athuga með fyrirlesara e.t.v. einhvern úr Rósenborg. Einhver endurnýjun verður á stjórninni en nokkrir stjórnarmenn ætla að hætta eftir aðalfund.

Umræður sköpuðust um tilgang foreldrafélagsins og lög foreldrafélagsins voru rifjuð upp. Ræddum hvernig við getum gert starfið okkar sýnilegra og hvað getum við gert til að virkja foreldra meira til að taka þátt í samstarfi skólans og heimilis. Bekkjarsamkomur hafa verið fáar hjá mörgum bekkjum. Verðugt verkefni fyrir veturinn.

Við ætlum að athuga með að finna áhugaverðan fyrirlestur til að halda fyrir foreldra, hugmynd að gera það í samstarfi við fleiri foreldrafélög til að deila kostnaði. Nokkrar hugmyndir komu upp sem ætlunin er að skoða.